

Skipulagsstofnun
Sigurður Ásbjörnsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Umhverfisstofnun
Áb. _____
23. ágú. 2011
8.9.0
Tilv. _____



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 23. ágúst 2011
UST20110600137/hmj

Efni: Önnur umsögn Umhverfisstofnunar vegna natríumklóratverksmiðju Kemira á Bakka

Vísað er í erindi Skipulagsstofnunar dags. 18. ágúst sl. þar sem óskað er frekari umsagnar um mögulega matsskyldu natríumklóratverksmiðju Kemira á Bakka í ljósi svara framkvæmdaraðila við fyrri umsögn Umhverfisstofnunar dags. 5. júlí sl.

Landnotkun

Umhverfisstofnun benti á að innan framkvæmdarsvæðisins er að finna votlendi og mikið fuglalíf og taldi að liggja þyrfti fyrir umfang röskunar votlendis og áhrif framkvæmdarinnar á fuglalíf. Framkvæmdaraðili svaraði því svo að þessar upplýsingar lægju fyrir og hefðu verið kynntar sem hluti af undirbúningi sveitarfélagsins og mati á umhverfisáhrifum við skipulagningu iðnaðarsvæðisins á Bakka. Umhverfisstofnun ítrekar að samkvæmt 37. gr laga nr. 44/1999 um náttúruvernd njóta mýrar og flóar, 3 hektarar að stærð eða stærri sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og hægt er. Á alþjóðavettvangi nýtur votlendi verndar samkvæmt samningum um líffræðilega fjölbreytni og vernd votlendis s.s. Ramsarsamningnum.

Útblástur

Umhverfisstofnun benti á að framkvæmdaraðili þyrfti að koma fram með upplýsingar og rannsóknir varðandi möguleg áhrif natríumklórats á lífríki og heilsu fólks. Framkvæmdaraðili lagði fram gögn sem sýna fram á hverfandi líkur á því að styrkur natríumklórats í útblæstri geti haft umtalsverð áhrif á lífríki og heilsu fólks.

Varðandi styrk klörgass í andrúmslofti og áhrif þess á lífríki og heilsu fólks benti Umhverfisstofnun á í umsögn sinni að ekki lægju fyrir upplýsingar um mögulegan hæsta styrk í andrúmslofti og möguleg umhverfisáhrif. Í svörum sínum tók framkvæmdaraðili fram að ekki væri gert ráð fyrir losun vetnis frá verksmiðjunni heldur að það yrði selt sem hráefni í aðra framleiðsluferla. Því verði losun klörgass í andrúmsloft hverfandi og þar af leiðandi umhverfisáhrif þess. Umhverfisstofnun áréttar mikilvægi þess að styrk klórs í útblæstri sé haldið innan heilsuverndarmarka.

Frárennsli


Umhverfisstofnun benti á að ekki kæmi fram í greinargerð framkvæmdaraðila hvort og hvaða áhrif natriumklórátjónir í frárennsli gætu haft á lífríki sjávar. Framkvæmdaraðili benti á lágan styrk þeirra í frárennsli og lagði fram gögn sem sýna fram á litlar líkur á umtalsverðum áhrifum á lífríki sökum þess.


Varðandi áhættu á losun mjög eitraðra efna s.s. natriumdíkrómats til umhverfis benti Umhverfisstofnun á að fara þyrfti fram áhættugreining vegna slysaáttu í ljósi þess að jafnvel mjög lítið magn sumra þeirra efna sem koma við í framleiðsluferlinu gæti haft mjög alvarlegar afleiðingar í för með sér. Þessu svarar framkvæmdaraðili og bendir á að farið verði eftir stöðlum Alþjóðasiglingamálastofnunar og Evrópusamningi um millilandaflutninga á hættulegum farmi á vegum. Jafnframt segir að öll geymslusvæði sem og verksmiðjan sjálf séu umlukin öryggisgryfjum. Orðrétt stendur: „tæming öryggisgryfja fer eingöngu fram með dælingu og möguleiki er á losun til umhverfis“. Umhverfisstofnun ítrekar mikilvægi þess að unnin verði áhættugreining vegna áhættuþátta samfara starfsleyfisgerð.

Niðurstaða

Umhverfisstofnun fellst á svör framkvæmdaraðila og bendir á að losunarmörk vegna útblásturs frá starfseminni verða skilgreind þegar sótt verður um starfsleyfi fyrir verksmiðjuna. Umhverfisstofnun telur í ljósi framangreindra upplýsinga ekki ástæðu til þess að ætla að umtalsverð umhverfisáhrif hljótist af framkvæmdinni og því sé hún ekki matskyld.

Virðingarfyllt


Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Deildarstjóri


Halla M. Jóhannesdóttir